

## Fjármálamarkaðir og aðgerðir Seðlabankans<sup>1</sup>

### Vaxtalækkunir og styrking krónunnar

Gengi íslensku krónunnar hefur styrkst enn frekar frá sumarbyrjun. Fjölmargar ástæður liggja þar að baki og ber hæst minni viðskiptahalla, minni verðbólgu, væntingar um álver, og hugsanlega sölu ríkisins á stórum hlut í Landsbanka Íslands hf. til nokkurra fjárfesta. Seðlabankinn hefur í tvígang lækkað stýrivexti sína og rýmri krónustaða lánastofnana hefur leitt til töluverðra umskipta í vöxtum á skemmri skuldbindingum. Þörf fyrir fyrirgreiðslu Seðlabankans hefur minnkað og mikið líf hefur verið á hinum unga millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga. Miklar hræringar hafa verið erlendis, á verðbréfamörkuðum en þó ekki síður á gjaldeyrismörkuðum. Íslensk hlutabréf hafa hækkað í verði og ýmsir skuldabréfavextir hafa lækkað á undanförunum mánuðum. Ávöxtun húsbrefa hefur þó lítið lækkað enda er framboð húsbrefa meira en eftirspurn um þessar mundir.

#### Frekari styrking krónunnar ...

Lítið lát hefur orðið á styrkingu íslensku krónunnar á undanförunum vikum. Frá áramótum til 22. júlí sl. hækkaði gengi hennar um 10,3%. Grundvallarþátturinn í styrkingunni er sennilega sá viðsnúningur sem orðið hefur á viðskiptum við útlönd. Jafnframt hefur verið töluvert innstreymi af lánsfê erlendis frá og skýra þessir þættir vafalítið meginhluta styrkingar krónunnar. Gjalddeyrismarkaður er mjög hvikull og sjá má skjót viðbrögð við ýmsum atburðum eða líklegum atburðum sem kynnu að hafa áhrif á hann. Sem dæmi um þetta má nefna fréttir af því að nokkrir einstaklingar hefðu lagt fram beiðni til viðskiptaráðherra um kaup á stórum hlut í Landsbanka Íslands hf. sem greiða ætti fyrir með erlendum gjaldeyri. Markaðurinn brást skjótt við og krónan styrktist töluvert í kjölfarið. Þegar tilboðið var dregið til baka kom ekki jafnmikið bakslag í krónuna. Vera kann að þar hafi sterkari væntingar um hugsanlega byggingu álvers á Reyðarfirði vegið upp hin neikvæðu áhrif, auk þess sem ekki er útséð um hvernig sölu ríkisbankanna lyktar. Fleiri þættir hafa haft jákvæð áhrif á gengi krónunnar undanfarna þrjá mánuði. Vísitala neysluverðs hefur hækkað mun minna en flestir

gerðu ráð fyrir og því er verðbólga minna áhyggju-efni en til skamms tíma. Vöruskipti við útlönd hafa verið mun hagstæðari en við hafði verið búist og aflast hefur vel, sérstaklega af uppsjávarfiski. Tillögur um kvóta fyrir næsta kvótaár voru nokkuð í takti við væntingar og höfðu lítil áhrif á gengið.

#### ... og órói á erlendum mörkuðum

Töluverðar sviptingar hafa orðið á gjaldeyrismörkuðum og ber þar hæst að evra varð jafngild gengi Bandaríkjadal um miðjan júlí en slíkt gerðist


Tafla 1 Styrking nokkurra gjaldmiðla gagnvart Bandaríkjadal frá 1. maí til 22. júlí 2002

Mynt	Styrking (%)
CAD.....	0,3
SEK.....	8,3
GBP.....	8,3
ISK.....	10,2
JPY.....	10,5
DKK.....	11,8
EUR.....	12,0
CHF.....	12,3
NOK.....	12,3

Heimild: Seðlabanki Íslands.

1. Í þessari grein eru notaðar upplýsingar sem tiltekar voru þann 22. júlí að undanskilinni mynd 3 sem byggist á upplýsingum frá 23. júlí.

síðast í febrúar árið 2000. Japanski seðlabankinn hefur gripið inn í þróun á gjaldeyrismarkaði a.m.k. sjö sinnum í því skyni að veikja gengi japanska jensins gagnvart gengi Bandaríkjadals. Áætlað er að Seðlabanki Japans hafi verið andvirði 30 ma. Bandaríkjadala í þessi inngríp. Bandaríkjadalur er nú veikari gagnvart allmörgum gjaldmiðlum en hann hafði verið um langt skeið. Tafla 1 sýnir lækkun hans gagnvart nokkrum gjaldmiðlum frá byrjun maí. Mynd 1 sýnir þróun vísitölu gengisskráningar auk veltu á gjaldeyrismarkaði. Eins og sjá má var nokkur dofi í viðskiptum í júní. Hinn 16. júlí voru mikil viðskipti á gjaldeyrismarkaði og lækkaði vísitala gengisskráningar um 1,25% frá opnun til lokunar markaðarins. Helstu ástæður þessa voru spákaupmennska og erlendar lánahefingar.



### Breytingar á gjaldeyrismarkaði

Bankastjórn Seðlabanka Íslands ákvað í júní að leggja niður í áföngum þóknar til viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði sem komið var á í tilraunaskyni í júlí á síðasta ári (sjá þriðja hefti *Peningamála* 2001). Þóknarir verða að fullu aflagðar í lok þessa árs. Bankastjórnin telur að með þeim hafi viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði verið bætt að mestu það tjón sem þeir urðu fyrir í kjölfar breytinga á fyrirkomulagi peningastefnunnar í apríl á síðasta ári og að fremur megi rekja minna flökt á gjaldeyrismarkaði til annarra þátta en þóknanna, sérstaklega þeirrar breytingar sem orðið hefur á flæði gjaldeyris til og frá landinu á því tímabili sem þóknarnir hafa verið við lýði. Eðlilegra sé að markaðurinn þróist í átt að því sem tíðkast á öðrum sambærilegum mörkuðum.

Því var viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði boðið til viðræðna um breytingar á reglum um gjaldeyrismarkaðinn sem miðuðu að því að færa hann nær því sem algengast er um slíka markaði. Hinn 1. júlí var hætt að skrá opinberlega gengi eldri gjaldmiðla þeirra landa Evrópusambandsins sem tekið hafa upp evru sem gjaldmiðil. Hinn 5. júlí tók ný gengisvog gildi og er hún birt í töflu 2.

Tafla 2 Ný gengisvog 2002

Land	Mynt	Ný vog (%)	Breyting (%)
Bandaríkin	USD	24,83	-2,16
Bretland	GBP	12,78	-1,99
Kanada	CAD	1,23	-0,13
Danmörk	DKK	8,16	-0,52
Noregur	NOK	6,78	0,70
Svíþjóð	SEK	3,48	-0,96
Sviss	CHF	2,01	0,36
Evrusvæði	EUR	37,08	5,42
Japan	JPY	3,65	-0,72


Heimild: Seðlabanki Íslands.

### Stýrivextir voru lækkaðir í tveggjum ...

Bankastjórn Seðlabankans tilkynnti hinn 16. maí 2002 um lækkun stýrivaxta um ½ prósentu frá 21. sama mánaðar í framhaldi af því að verðlagsmarkmið aðila á almennum vinnumarkaði hélt í maí. Stýrivextir bankans voru síðan lækkaðir aftur um 0,3 prósentur með tilkynningu hinn 18. júní en þá lágu fyrir nýjar tölur um verðlagsbreytingar sem sýndu svo ekki varð um villst að verðbólga var á hraðri niðurléið. Stýrivextir bankans eru því 8,5% þegar þetta er ritað. Vextir á millibankamarkaði með krónur til tveggja vikna hafa færst nær stýrivöxtum Seðlabankans eins og sjá má á mynd 2. Vextir á lánnum í einn dag (O/N) hafa hins vegar sveiflast mun meira og tengjast stærstu sveiflurnar yfirleitt lokum binditímabils eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Af vöxtunum má ráða að heldur sé nú rýmra um laust fé en verið hefur og er það í samræmi við aðrar vísbendingar svo sem eftirspurn eftir endurhverfum viðskiptum og daglánnum Seðlabankans.

### ... endurhverf viðskipti lækkuðu verulega ...

Hinn 16. júlí lækkaði staða endurhverfra viðskipta um rúma 15 ma.kr. á milli vikna og er það mesta





lækkun þeirra síðan í ársbyrjun 2000 þegar lánastofnanir skiluðu til baka rúmlega 16 ma.kr. í kjölfar mikillar lausafjáruppyggingar vegna hugsanlegs 2000 vandamáls. Gera má ráð fyrir að endurhverf viðskipti muni aukast á ný enda hafa ekki orðið grundvallarbreytingar á lausafjármyndun í hagerfinu. Þróun endurhverfra viðskipta má sjá á mynd 3. Vextir á krónumarkaði hækkuðu lítillega í kjölfarið en voru þó um eða fyrir neðan stýrivexti Seðlabankans sem gefur til kynna að lausafjárskortur hafi ekki verið áleitinn. Lausafjárþörf bankastofnana helgast að sumu leyti af kvöðum bindiskyldu en undir lok hvers bindiskyldutímabils kemur oft upp sú staða að laust fé lánastofnana er heldur knappt og því þurfa þær að leita eftir annarri fjármögnun á markaði eða fyrirgreiðslu Seðlabankans til að uppfylla skylduna. Verðið á fjármögnuninni, vextirnir, hækkar því

oft undir lok bindiskyldutímabils, sem er 20. dagur hvers mánaðar. Aðrir þættir hafa einnig áhrif, t.d. fjárstreymi til og frá ríkissjóði en í upphafi hvers mánaðar greiðir ríkissjóður út laun sem eykur laust fé í umferð og um miðjan mánuð er gjalddagi skatta sem dregur úr lausu fé. Annan hvern mánuð er gjalddagi virðisaukaskatts sem einnig rýrir laust fé á markaði. Allt þetta, auk fleiri viðburða, t.d. einkavæðingar, gjaldeyrisviðskipta og stórra lánahreyfinga, hefur áhrif á laust fé og því er oft flókið mál að stýra skammtímafjármögnun lánastofnana. Sala ríkissjóðs á 20% hlut í Landsbanka Íslands í júní sl. hafði óbein áhrif á lausafjárstöðuna en sú venja hefur myndast að stofnanir sem annast einkavæðingu skili ríkissjóði ekki tekjum af henni fyrir en eftir mánuð. Ekki er víst að öllum hafi verið þetta ljóst og því kunna einhverjir að hafa reiknað með því að laust fé rýrnaði sem næmi andvirði hins selda hlutar í Landsbankanum og gert ráðstafanir í samræmi við það. Þegar á reyndi kunna þeir að hafa ráðið yfir of miklu lausu fé sem þá var sett á bindireikninga og bindiskylda uppfyllt fyrirfram sem leiðir til lægri vaxta á krónumarkaði og minni þarfir fyrir fyrirgreiðslu Seðlabankans (endurhverf viðskipti).

#### ... og daglán eru lítið notuð

Notkun daglána hefur dregist verulega saman í kjölfar rýmri lausafjárstöðu. Þó hafa komið stöku dagar þar sem daglánanotkun hefur verið umtalsverð en hins vegar er neikvæð staða í uppgjöri fjölgreiðsluferfisins farin að heyra til undantekninga sem bendir til þess að lausafjárstýring lánastofnana hafi tekið



framförum. Velta á millibankamarkaði með krónur hefur lifnað aðeins við eftir daufa fyrstu mánuði ársins. Veltan það sem af er ári á krónumarkaði er 35% meiri en á sama tíma í fyrra. Mynd 4 sýnir veltu á krónumarkaði og daglán eftir mánuðum það sem af er þessu ári. Velta á millibankamarkaði með gjald-eyrisskiptasamninga hefur vaxið hröðum skrefum og er heildarveltan frá stofnun hans komin yfir 130 ma.kr. Fjöldi samninga frá stofnun er um 430 og er algengasti lánstíminn ein vika (160 samningar) en allmargir samningar hafa verið gerðir til eins mánaðar (106) og litlu færri samningar til tveggja vikna (86). Langalgengast er að samningar séu gerðir um þrjár milljónir Bandaríkjadala.

#### Vaxtamunur hefur dregist saman

Vaxtamunur við útlönd eins og hann er mældur með samanburði á vöxtum erlendra skuldabréfa, sem vegnir eru með gengisvog, og íslenskra skuldabréfa með sömu tímalengd hefur dregist verulega saman á undanförunum mánuðum. Sömu sögu er að segja af vaxtamun sem mældur er með samanburði vaxta, á skuldbindingum til þriggja mánaða, á millibankamarkaði. Þetta má sjá á mynd 5. Helstu ástæður þessa eru lækkandi vextir hér á landi. Svissneski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,5 prósentur í byrjun maí og norski seðlabankinn sömuleiðis í byrjun júlí. Þá hækkaði kanadíski seðlabankinn stýrivexti sína um 0,25 prósentur í byrjun júní og aftur jafn mikið um miðjan júlí. Stýrivextir í Noregi eru innlánsvextir þar sem lítil þörf virðist vera fyrir útlán seðlabankans til banka þar í landi. Stýri-

vextirnir eru nú 7%, en útlánsvextir norska seðlabankans eru nú 9%.



#### Hlutabréf hér á landi hafa lítt fallið í verði þrátt fyrir mikið verðfall á erlendum hlutabréfamörkuðum

Mikill órói hefur verið á erlendum mörkuðum, ekki síst hlutabréfamörkuðum. Helstu vísitölur hlutabréfaverðs í Bandaríkjunum hafa lækkað verulega á síðustu mánuðum, Dow Jones Industrial Average hefur t.d lækkað um tæplega 23% frá maíbyrjun og hlutabréfavísitölur í Evrópu hafa víða lækkað. Hlutabréfavísitalan í Japan hefur hins vegar lækkað mun minna en flestar aðrar vísitölur það sem af er árinu. Í töflu 3 eru sýndar breytingar á hlutabréfa-

Tafla 3 Þróun nokkurra hlutabréfavísitalna 1. janúar - 22. júlí 2002

Land	Vísitala	Breyting frá áramótum (%)
Ísland	ICEX-15 .....	11
Japan	Nikkei 225 .....	-6
Danmörk	KFX .....	-19
Noregur	OBI .....	-20
Bandaríkin	DJIA .....	-23
Bretland	FTSE 100 .....	-25
Þýskaland	DAX .....	-29
Frakkland	CAC .....	-31
Bandaríkin	NASDAQ .....	-35
Svíþjóð	OMX .....	-37
Finnland	HEX .....	-38

Heimildir: Kauphöll Íslands, Reuters.



vísitölum í nokkrum löndum (sjá nánar umfjöllun um erlenda hlutabréfamarkaði á bls. 14). Þrátt fyrir þessa mikla ólgu hefur íslenski hlutabréfamarkaðurinn haldið sjó að mestu. Smávægileg lækkun varð í byrjun maí en síðan hefur verið sveiflast tiltölulega lítið eins og sjá má á mynd 6. Frá áramótum hefur Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands hækkað um tæplega 12%. Þótt bókhaldshneyksli eigi vafalítið sinn þátt í lækkun verðs í kauphöllum í Bandaríkjunum er meginástæðan líklega sú að hlutabréfaferð hafi einfaldlega verið allt of hátt og fyrir ofan skynsamleg mörk, t.d. vel ofan við V/H hlutfallið 15 sem oft er miðað við.


### Nýr flokkur ríkisbréfa

Í maí var gefinn út nýr flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2013. Flokkurinn er óverðtryggður en frábrugðinn eldri flokkum þar sem hann er með föstum árlegum vaxtagjalddögum og eru vextir 7,25%. Einnig er notuð vaxtareglan raundagar/raundagar við útreikning á verði bréfsins og mun það vera nýjung í útgáfum ríkissjóðs. Til þessa hafa ríkisbréf verið kúlubréf og vaxtalaus. Skemmst er frá því að segja að í fyrsta útboði, þar sem boðnir voru út 3 ma.kr. bærust tilboð fyrir nærri sjöfalt hærri fjárhæð. Meðalávöxtunarkrafan í fyrsta útboði var 7,97%. Alls er nú búið að selja 6,5 ma.kr. að nafnverði í þessum flokki.

## Rammi 1 Grunnfé og áhrif seðlabanka

Í peningahagfræði er samband peningamagns og verðlags sterkt, þ.e. aukið peningamagn fer saman við aukna verðbólgu. Þetta er hins vegar langtímasamband og þrátt fyrir ýmsar tilraunir hefur yfirleitt gengið illa að nýta það í raunveruleikanum við peningamálastjórnun. Áhrif seðlabanka á þetta samband eru helst mæld með svokölluðu grunnfé. Grunnfé samanstendur af seðlum og mynt í umferð og innstæðum lánastofnana í seðlabanka. Grunnfé er gjarnan nefnt „high power money“ þar sem margföldunaráhrif breytinga á því geta verið nokkur. Sá megingalli er þó á grunnfé sem mælieiningu að mælingin fer að jafnaði fram á einum tímapunkti, oftast í lok hvers mánaðar. Því geta sveiflur í innstæðu og inneign á bindireikningum skekkt mjög þennan mælikvarða. Réttari mælikvarði á

áhrifum seðlabanka er sennilega frekar að fá með því að skoða álagða bindiskyldu fremur en stöðu bindireiknings á einum degi. Á myndinni sem fylgir þessum ramma má sjá grunnfé eins og það hefur verið mælt hjá Seðlabanka Íslands, frá ársbyrjun 1998 og til samanburðar er álagð bindiskylda hvers mánaðar og seðlar og mynt í lok viðkomandi mánaðar. Eins og sjá má sveiflast grunnféð mun meira en nemur áhrifum Seðlabankans og því gæti verið íhugunarefni að birta endurmetið grunnfé þar sem einungis væri skoðað seðlar og mynt og álagð bindiskylda eins og sýnt er á myndinni. Ítök seðlabankans væru þar með skýrari og rökréttari, þótt áfram megi deila um gildi þess að horfa á þennan mælikvarða.



## Rammi 2 Breytingar á reglum Seðlabanka

Hinn 29. maí voru gerðar breytingar á nokkrum reglum sem Seðlabankinn setur. Að meginhluta til var verið að sníða af agnúa sem komið höfðu í ljós á fyrri reglum. Meðfylgjandi yfirlit sýnir meginbreytingar í hverjum reglum fyrir sig. Þessu til viðbótar má nefna að breytingin sem gerð er á reiknireglu vaxta í reglum um viðskipti bindiskyldra stofnana hefur m.a. þau

áhrif að svokallaðir vaxtalausir dagar heyra nú sögunni til, en þeir voru þrítugasti dagur þeirra mánaða sem hafa þrjátíu og einn dag. Einnig verða vextir hinn 28. og 29. febrúar einungis jafngildir eins dags vöxtum en þessir dagar höfðu þrefalt eða tvöfalt vægi samkvæmt fyrri reiknireglu.

### *Reglur um bindiskyldu*

#### *Eldri reglur*

1. Ákveðið hámark hversu mikið bindifjárhæð gat aukist á milli tímabila. (Gat átt við þegar bindihlutföll voru hækkuð og þegar nýjar bindiskyldar lánastofnanir bættust í hópinn eða bindiskyldar lánastofnanir stækkuðu vegna samruna eða yfirtöku). (2. mgr. 3. gr.).
2. Þrátt fyrir ákveðið hámark sem bindifjárhæð gat aukist um var einnig lágmark sem hún varð að aukast um ef að viðkomandi stofnun uppfyllti ekki bindiskyldu sína vegna liðar 1 hér að ofan. (3. mgr. 3. gr.).
3. Bankastjórn Seðlabankans var heimilt að hækka/lækka bindiskylduhlutfallið um eitt prósentustig. (4. mgr. 3. gr.).
4. Bindifjárhæð var reiknuð af ráðstöfunarfé síðasta mánaðar. (1. mgr. 6. gr.).
5. Innstæða á bindireikningi var reiknuð sem 30 daga meðaltal. Þetta leiddi til þess að þegar binditímabilið var 31 dagur þá taldist innstæða á bindireikningi þann 30. ekki inn í meðaltalið og 28. febrúar hafði þrefalt vægi í meðaltalinu þegar ekki var hlaupár.
6. Bindiskyldri stofnun var heimilt að annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda stofnun. (8. gr.).

#### *Endurskoðaðar reglur*

1. Tekið út. Hækki bindihlutföll eða nýjar stofnanir verða bindiskyldar getur Seðlabankinn tekið hvert tilfelli fyrir sig og ákveðið aðlögunarferli ef þurfa þykir (sjá einnig tölulið 3 hér að aftan).
2. Tekið út. Hangir saman við 2. mgr. 3. gr. (sjá tölulið 1 hér að ofan).
3. Tekið út. Ef bindiskylduhlutfallinu verður breytt verður reglunum breytt og gefnar út á ný (áður fyrir þurfti að fá samþykki ráðherra til að hækka eða lækka bindiskylduhlutfallið en skv. nýjum lögum um Seðlabanka Íslands ákveður bankastjórn bankans hlutfallið).
4. Bindifjárhæð er reiknuð af meðalstöðu ráðstöfunarfjár við lok síðustu tveggja mánaða.
5. Nú hefur dagareglu í viðskiptum Seðlabankans við bindiskyldar lánastofnanir verið breytt úr 30/360 í raundagar/360. Þetta leiðir m.a. til þess að nú er meðaltalið tekið af raunverulegum fjölda daga sem eru í binditímabilinu.
6. Bætt við mgr. þar sem þessi heimild nær eingöngu til Sparisjóðabanka Íslands vegna milliöngu fyrir sparisjóði. (3. mgr. 8. gr.).

7.

7. Sérstakur bindireikningur. Fjármálastofnunum boðið að hluti af innstæðum á bindireikningi verði notaður sem trygging í fjölgreiðslukerfinu í stað verðbréfa (valkvæður möguleiki). Reglur vegna greiðslumiðlunar eru í smíðum.

### *Reglur um gjaldeyrisjöfnuð*

#### *Eldri reglur*

1. Heimilt var að jöfnuður í Bandaríkjadal væri jákvæður eða neikvæður um 20% en jöfnuður í öðrum myntum mætti mestur vera neikvæður eða jákvæður um 15%. (2. mgr. 4. gr.).

#### *Endurskoðaðar reglur*

1. Nú er heimilt að jöfnuður í evru sé einnig jákvæður eða neikvæður um 20%.

### *Reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands*

#### *Eldri reglur*

- 1.
2. Beiðni um daglán þurfti að berast fyrir kl. 15:00 og handveðsetningu skyldi lokið fyrir kl. 16:00.
3. Almenn vaxtaregla var 30/360 nema vegna yfirdráttarviðskipta og daglána þar sem var raundagar/360 regla.

#### *Endurskoðaðar reglur*

1. Endurhverf verðbréfavíðskipti. Smíðaður hefur verið sér rammi í 7 töluliðum utan um þau skuldabréf sem hæf eru í endurhverf viðskipti við Seðlabanka Íslands.
2. Beiðni um daglán þarf að berast fyrir kl. 17:15 og handveðsetningu skal lokið fyrir kl. 17:45.
3. Almenn vaxtaregla er raundagar/360.

### *Reglur um lausafjárhlutfall*

#### *Eldri reglur*

- 1.
2. Aðalviðskiptareikningur sparisjóðs hjá Sparisjóðabankanum og innstæða vegna milligöngu Sparisjóðabankans um bindiskyldu taldist til 90% eignar hjá sparisjóðum.
3. Kröfur Sparisjóðabankans á sparisjóði vegna milligöngu bankans um endurhverf verðbréfavíðskipti við Seðlabankann taldist til 90% eignar (hafði þó verið fært til 100% eignar en var ekki rétt samkvæmt reglunum).

#### *Endurskoðaðar reglur*

1. Bætt við nokkrum liðum til að fá betri mynd af skiptingu lausafjárstöðunnar í innlenda og erlenda stöðu.
2. Aðalviðskiptareikningur sparisjóðs hjá Sparisjóðabankanum og innstæða vegna milligöngu Sparisjóðabankans um bindiskyldu telst nú til 100% eignar hjá sparisjóðum.
3. Kröfur Sparisjóðabankans á sparisjóði vegna milligöngu bankans um endurhverf verðbréfavíðskipti við Seðlabankann telst til 100% eignar.

4. Skuldbindingar vegna ónýtt hluta samningsbundinna veltilána/lánalína hafði vægið 25% hvort sem um lánastofnun eða aðra en lánastofnanir var að ræða. Þetta gat leitt til þess að lánastofnanir gátu gert samning sín á milli og „búið til“ laust fé (hafði 80-100% vægi eignamegin).
  5. Höfuðstóll framvirkra verðbréfasamninga hafði 90% vægi eignamegin og 100% vægi skuldamegin, ekki var tekið tillit til framvirkra samninga á gjaldmiðla og valréttarsamninga.
  - 6.
4. Skuldbinding vegna ónýtt hluta veltilána/lánalína lánastofnana fá sama vægi og eignamegin (80% vegna lána í krónu og 100% vegna lána í erlendri mynt). Ef um aðra en lánastofnanir er að ræða (fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki og einstaklinga) er vægið 25%.
  5. Nú á að reikna hagnað eða tap allra samninga utan efnahags og færa sem kröfu (90% vægi) eða skuldbindingu (100% vægi).
  6. Bætt var við nýrri grein sem nú er 7. gr. Þar er farið fram á að höfuðstóll/greiðsluflæði samninga utan efnahags verði tímabeltagreint í lausafjárfirlitum þó þær stærðir verði ekki notaðar við útreikning á lausafjárhlutfalli.